

39. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis haldinn í Menningarhúsinu Hofi 25. mars 2014 kl. 16.00

Mætt: Ágústa Ólafsdóttir, Guðbjörg Ingimundardóttir, Finnur Jóhannesson, Kristján Kristjánsson og María H. Tryggvadóttir.

Hulda Sif Hermannsdóttir og Arne V. Olsen forfölluðust.

María H. Tryggvadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

A. Farið var yfir verkefni sem tengjast úthlutun afmælisgjafar bæjarins fyrir árið 2014, í heild kr. 2.000.000

Síðuskóli verður 30 ára í haust og því ekki úr vegi að bæta aðstöðu við skólann. Nefndin leggur til að farið verði í eftirfarandi verkefni:

1) Klára grillið sem byrjað var á í fyrra. Grillið verður staðsett við klöppina fyrir vestan skólann og er hugsað fyrir skólann og íbúa hverfisins. Jarðvegsskipta þarf u.þ.b. 30 fermetra svæði þar sem grillið og setsvæði verða. Skólinn er búin að fá hellur en nemendur munu sjálfir sjá um að leggja þær með aðstoð Framkvæmdamiðstöðvar. Einnig er hugmynd að búa til „skjólveggi“ við grillið, úr trönnum og greinum. Heildarkostnaður við verkefnið (jarðvegsvinnu, hellulögn, flutning á efni og skjólvegg) áætlað kr. 500.000

2) Stígagerð, skólinn óskar eftir að lagðir verði stígar um móann/mýrina fyrir vestan skólann ef leyfi skipulagsyfirvalda fæst, sem mun nýtast jafnt skólanum, sem íbúum hverfisins. Rista þarf jarðveg í burt með þartilgerðri vél og síðan bera salla og kurl í. Nemendur skólans munum sjá um að bera sallann og kurlið í stíginn. Áætlaður kostnaður við verkefnið er kr. 500.000 (salli, kurl, flutningur á efni og vinnuvélar)

3) Útfæra þrautabraut skv. fylgiskjali á svæðinu fyrir vestan Síðuskóla. Farið verður í að jarðvegsskipta og útvega viðeigandi efni svo hægt sé að byggja þrautabraut á opnu svæði fyrir vestan skólann. Gera svæðið aðgengilegt og skemmtilegt útivistarsvæði. Athugið þetta er ekki opinbert leiksvæði og fylgir því ekki þeim kröfum sem gert er til slíkra svæða, heldur verður reynt að finna „náttúruleg efni“ sem henta en reynt að taka mið af öryggisstöðlum er varðar þykkt á reipum, hæð frá jörðu o.s.frv. Verkefnið verður unnið af Framkvæmdar-miðstöðinni og nemendum/kennurum skólans. Áætlaður kostnaður 1.000.000.

B. Aðrar óskir frá íbúum og hverfisnefndinni sem snúa að úrbættum í hverfinu og auka lífsgæði íbúa;

a) Að allt svæðið fyrir vestan Síðuskóla að frátöldum skilgreindum byggingareiti fyrir skólann og fyrirhugaðs leikskóla verði skilgreint sem útivistarsvæði. Í Síðuhverfi eru fá græn svæði og viðeigandi að byggja upp slíkt svæði við Síðuskóla.

b) Setja upp ruslafötur við strætóskylin í hverfinu

c) Bæta við gangbraut í Bugðusíðu fyrir ofan Ekrusíðuna til að auðvelda aðgengi skólabarna að skólanum og minka slyshættu.

d) Að opnuð verði gönguleið frá Vestursíðu og upp að veginum við Lögmannshlíð svo hægt sé að fara “styttri” gönguferðir úr hverfinu og upp á Lögmannshlíðarveginn.

e) Laga ræsismál:

* Við norðurenda Arnarsíðu (nr. 7) en þar þarf að setja ræsi undir stíginn. Núna rennur vatn yfir stíginn og myndar hálfu.

* Setja kantstein við stíginn milli Stapasíðu og “Rauðaróló”, þar sem þennan kantstein vantar rennur vatn ekki ofan í ræsið heldur niður í garða fyrir neðan stíginn.

Fundi slitið kl. 17.30